

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Selfoss.

A. Stjórnun og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Selfoss er fyrirtæki sem er eign Selfosskaupstaðar og starfrækt í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnota, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveita Selfoss er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Selfosskaupstaðar en með aðgreindan fjárhag.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Selfoss aflar raforku til þeirra þarfa er um getur í 1. gr., með því að kaupa raforku sem hagkvæmast þykir hverju sinni og veitir þeirri orku sem þannig er keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Selfosskaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins sem bæjarstjórn ákveður og iðnaðarráðherra samþykkir.

Rafveita Selfoss hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Veitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála kaupstaðarins er í höndum bæjarstjórnar sem felur stjórn veitustofnana daglegan rekstur ásamt bæjarstjóra og veitustjóra, en bæjarstjórn skipar veitustjóra að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana, og skal hann um rafmagnsmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k.

Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Stjórn veitustofnana fer einnig á sama hátt og hér er greint, með málefni Hita- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar. Veitustjóri er daglegur framkvæmdastjóri rafveitunnar, er jafnframt annast daglegan rekstur Hita- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar.

Í stjórn veitustofnana eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri, veitustjóri og bæjartæknifræðingur eiga auk þess sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Verksvið stjórnar veitustofnana.

Stjórn veitustofnana hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil, svo og tillögugerð til bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert komandi ár.

Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarsjóðs og annarra bæjarfyrirtækja.

Stjórn veitustofnana setur nánari reglur um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögu til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn rafveitunnar og veitir þeim lausn, hvort tveggja eftir tillögum stjórnar veitustofnana, en stjórn veitustofnana skal setja þeim erindisbréf sem bæjarstjórn staðfestir.

5. gr.

Verksvið veitustjóra.

Veitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu svo og reikningshaldi rafveitunnar sem unnin er í sameiginlegu bókhaldskerfi bæjarfélagsins, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafvæðingu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar veitustofnana um ráðningu fastra starfsmanna til rafveitunnar er síðan staðfestist í bæjarstjórn en veitustjóri hefur þó heimild til að ráða í tímabundin störf.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Selfoss hefur aðgreindan fjárhag og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhalds og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Veitustjóri varðveitir sjóði rafveitunnar samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana.

B. Söluskilmálar

7. gr.

Sala raforku.

Rafveita Selfoss selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, allsstaðar þar sem dreifikerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 og 380 volta málspennu og 50 Hz. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má veitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

8. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

9. gr.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugagjald það sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugagjaldið hafi verið greitt samkvæmt kostnaði við heimtaug.

Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnað við þá breytingu. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á

lágspennukerfi, er veitustjóra heimilt að kerfjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skilt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

10. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafverktaka, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögn.

Löggiltir rafverktakar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum er Rafmagnseftirlit ríkisins setur, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlögðum viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu sem úttektarskyld er, fyrir en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af brugðið, varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu að notkun um hana verði ekki dreifikerfi rafveitunnar ofviða. Þar sem hætta kann að verða á þessu má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni þar til úr er bætt.

11. gr.

Sala á raforku til notanda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við dreifikerfi hennar, í því skyni að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svarar til þeirra kvaða sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis veitustjóra.

12. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Veitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum sem notuð eru við hagnýtingu á raforku og skulu starfsmenn rafveitunnar, sem framvísa skilríkjum, hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftækja, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafverktaka lagfæra þetta. Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað.

Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafverktaka.

Veitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgður fyrir samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerð Rafveitu Selfoss.

13. gr.

Mælitæki.

1. Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitur, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara sem um getur í 18. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmist og er þá heimilt að gera notandanum að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandinn óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni. Ef notandi véfengir árangur prófunar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafveitan annars. Hafi kWst-mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komist, þó ekki fyrir lengri tíma en 3 mánuði, nema notandi geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur sem hafa hemil eða rofa eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á fastagjaldi, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilisins eða rofans svo fljótt sem við verður komið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitunni ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verði skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun skal rafveitan áætla þann straum sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim sem brotlegur hefur gerst.

14. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafist tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Sé slíkt lágmarksgjald ekki greitt er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

15. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafid er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga skal setja í gjaldskrá er bæjarstjórn samþykkir og iðnaðarráðherra staðfestir.

16. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafist getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðslan lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
- b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c. Þegar notandi hefur gerst brotlegur við reglugerð þessa. Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu. Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:
 1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd.
 2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
 3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkv. 13. gr.

17. gr.

Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim sökum og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitu rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds eða eftirlits á þeim tíma, sem heimilisnotkun er almennt minnst, að nóttu til svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust, þegar ekki gefst ráðrúm til tilkynningar fyrirfram.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

18. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingar á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar er bindandi fyrir hann, að minnast kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabrigðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur veitustjóri leyst notandann undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt veitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt fransöögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan, á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja sé að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

19. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim sem bæjarstórn samþykkir og iðnaðarráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli veitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

C. Almenn ákvæði.

20. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum sem settar verða samkvæmt henni varða sektum, 30 000,00 krónum — þrjátíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

21. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Selfoskaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt örkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 85 frá 11. júní 1948.

Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1985.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Selfoss.

A. Stjórnun og rekstur.

1. gr.

Markmið hitaveitunnar.

Hitaveita Selfoss er eign Selfoskaupstaðar og starfrækt í þeim tilgangi að veita heitu vatni um kaupstaðinn til upphitunar húsa. Hitaveita Selfoss er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Selfoskaupstaðar með aðgreindan fjárhag.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Hitaveita Selfoss aflar vatns til þeirra þarfa er um getur í 1. gr. með því að kaupa það og eða vinna úr jörðu þar sem hagkvæmast þykir hverju sinni, og veitir því vatni sem þannig er aflað um veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveita Selfoss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Selfoskaupstaðar og þess nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og iðnaðráðherra samþykkir. Nefnist svæðið innan þessara marka orkuveitusvæði hitaveitunnar.

3. gr.

Stjórn hitaveitunnar. Veitustjóri.

Yfirstjórn Hitaveitu Selfoss er í höndum bæjarstjórnar, sem felur stjórn veitustofnana daglegan rekstur, ásamt bæjarstjóra og veitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana og setur bæjarstjórn honum erindisbréf. Stjórn veitustofnana fer á sama hátt og hér er greint með málefni Raf- og Vatnsveitu Selfoskaupstaðar.

Veitustjóri er daglegur framkvæmdastjóri hitaveitunnar, er jafnframt annast daglegan rekstur Raf- og Vatnsveitu Selfoskaupstaðar.

Í stjórn veitustofnana eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri, veitustjóri og bæjartæknifræðingar eiga auk þess sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.